



Ársskýrsla

starfsárið 2025-2026

maí - apríl

Aðalfundur 2026

29. maí 2026

Innihald

Skýrsla stjórnar 2025-2026	3
Félagar	4
Stjórn Upplýsingar 2025-2026	4
Rekstur félagsins	4
Ferðasjóður Upplýsingar	5
Afsláttarkjör fyrir félagsmenn	5
Útgáfumál og upplýsingamiðlar	5
Fregnir	5
Vef- og samfélagsmiðlar Upplýsingar	5
Miðlun upplýsinga til félagsmanna	6
Utanumhald miðla Upplýsingar	6
Fræðslumál	6
Morgunkorn 2025- 2026	6
Aðrir viðburðir	7
Skýrslur hópa og nefnda 2025-2026	7
Fastanefndir	7
Skýrsla notendahóps Gagnis 2025-2026	8
Annað innlent samstarf 2025 - 2026	9
Fjölmiðlanefnd TUMI	9
Ráð og nefndir sem Mennta- og vísindaráðuneytið kallar eftir tilnefningum í	9
Norrænt og alþjóðlegt samstarf	10

Skýrsla stjórnar 2025-2026

Daglegur rekstur og verkefni félagsins eru í höndum stjórnar og hélt stjórn félagsins tíu stjórnarfundi á tímabilinu, þrjár staðfundir og sjö fjarfundir auk mikilla samskipta á Messenger eða tölvupósti.

Upplýsing sendi umsögn inn í Samráðsgátt þann 29. mars 2025 vegna máls 144/2025, Bókmenntastefna fyrir árin 2025-2030 og lýsti sig búna til samstarfs við stjórnvöld um að ná fram markmiðum stjórnvalda. Við höfum ekkert heyrt, sem kemur ekki ýkja mikið á óvart.

Að öðru leyti höfum við lítið haft okkur í frammi en héldum áfram að bjóða upp á Morgunkorn en heldur hefur dregið úr aðsókn, þrátt fyrir könnun meðal félagsmanna í fyrra sem vildu halda þessu óbreyttu.

Landsfundur var haldinn á Selfossi í október og var ákaflega vel heppnaður. Góður undirbúningur skilaði sér með gleði og þakklæti fundargesta.

Þá var IFLA WLIC ráðstefnan haldin í fyrra í Astana í Kasakstan, þangað fóru formaður og gjaldkeri auk hóps frá Borgarbókasafni. Við áttum sannarlega góða daga í Astana, bæði var ráðstefna IFLA áhugaverð, þar var kosinn nýr forseti til tveggja ára, kanadísk kona að nafni Leslie Weir. Nánar: <https://www.ifla.org/president/>

Eins kom borgin og fólkið okkur skemmtilega á óvart, hún er að mestu byggð eftir árið 2000 og er enn í hraðri uppbyggingu.

Bókasafnsdagsnefnd er þakkað fyrir nærandi Bókasafnadag þann 8. september sl. undir yfirskriftinni "Lestur er bestur, fyrir sálina". Ég vil þakka Eddu Hrund sérstaklega fyrir að drífa starfið áfram en við þurfum að styðja betur við nefndina í ár þar sem mikil endurnýjun hefur átt sér stað í henni.

Eins eru öllum þeim þakkir færðar sem samþykkt hafa að starfa í nefndum og ráðum sem tengjast félaginu eða hafa lagt hönd á plóg fyrir starf Upplýsingar. Að sama skapi vill Upplýsing þakka félagsmönnum kærlega fyrir stuðning við starfsemina, sérstaklega þeim sem héldu erindi á Morgunkornum og þeim sem á hlýddu.

En síðast en alls ekki síst vil ég þakka stjórnarliðum og vefstjóra fyrir þeirra vinnu í þágu félagsins. Skjalasafn félagsins var fært yfir á Google Drive úr Dropboxi þar sem okkur fannst það mun þægilegra viðmóts, auk þess sem þar er haldið utan um skráningar á viðburði. Við sjáum eftir tveimur úr stjórninni núna, gjaldkera og varaformanni, eins er tími kominn á formann. Við vonum að okkur hafi takist að fylla þeirra skarð. Ég þakka fyrir mig, þetta hafa verið viðburðarík, fræðandi og skemmtileg ár sem ég mun seint gleyma. Það hefur gefið mér mikið að starfa fyrir félagið og það hefur líka verið mér ákveðið akkeri í hafsþjó lífsins. En nú sigli ég á ný mið og afhendi arftaka mínum stýristaumana bjartsýn og stolt.

Félagar

Félagar í Upplýsingu eru í dag um það bil 348 einstaklingar og 35 stofnanir. Félagar detta út af skrá ef þeir hafa ekki greitt félagsgjöld í 2 ár samfleytt og eru alltaf einhverjir sem segja sig úr félaginu á þann hátt. Aðrir hætta vegna aldurs eða vegna nýrra starfa utan bókasafna.

Félagsaðild er að mestu leyti einstaklingsaðild en í raun eru sex aðildarflokkar:

- Almennir félagar. Þeir greiða 7.000 krónur í árgjald.
- Stofnanir. Stofnanir greiða 14.000 krónur í árgjald.
- Nemendur í upplýsingafræði. Þeir greiða 3.500 krónur.
- Heiðursfélagar. Greiða ekki árgjald.
- Eldri félagar. Geta sótt um að greiða hálf árgjald.
- Fulltrúar í stjórn, ritstjórn og undirbúningshópi Bókasafnsdags eru undanþegnir félagsgjöldum til að veða upp á móti vinnuframlagi þeirra til félagsins.

Stjórn Upplýsingar 2025-2026

Samkvæmt núgildandi lögum skal stjórn félagsins skipuð fimm mönnum: Formanni, varaformanni, ritara, gjaldkera og meðstjórnanda. Auk þess skulu kosnir tveir varamenn.

Kjörin stjórn Upplýsingar starfsárið 2025-2026 var sem hér segir:

Formaður: Þórný Hlynisdóttir (kosin til tveggja ára 2024)

Varaformaður: Sigurlaug Jóna Hannesdóttir, (kosin til tveggja ára 2024)

Gjaldkeri: Laufey H. Svavarsdóttir (til tveggja ára frá 2024)

Ritari: Þrúður Slgurðardóttir (til tveggja ára frá 2025)

Meðstjórnandi: Arnar Óðinn Arnþórsson (til tveggja ára frá 2025), meðstjórnandi hefur jafnframt verið vefstjóri félagsins.

Varamenn í stjórn: Andrea Ævarsdóttir og Sif Sigurðardóttir, voru aldrei kallaðar inn.

Rekstur félagsins

Félagið rekur ekki skrifstofu undir starfsemi sína, starfsaðstaða stjórnarmeðlima er því á heimilum þeirra sem og á vinnustöðum, með leyfi yfirmanna þeirra.

Stjórnarmenn fá þóknun fyrir stjórnarsetu og aukalega er greitt fyrir vefstjórn, varaformaður, ritari og meðstjórnandi fá þóknun tvisvar á ári, en gjaldkeri og formaður mánaðarlega. Formaðurinn er í raun framkvæmdastjóri félagsins og sér um öll samskipti og er í forsvari fyrir félagið. Þóknun til stjórnar er tilgreind í ársreikningum félagsins.

Árgjöld félaga, bæði einstaklinga og stofnana standa nú undir rekstri félagsins að öllu leyti því styrkur fæst ekki lengur frá ráðuneyti. Vegna stærri viðburða eins og Bókasafnadags og Landsfundar er hefð fyrir því að leita eftir styrkjum bæði til stærri bókasafna, Þjónustumiðstöðvar bókasafna, Landskerfis bókasafna og jafnvel til staðbundinna fyrirtækja. Ávallt er stefnt að því að þessir viðburðir standi undir sér og að kostnaður lendi sem minnst á félaginu. Hagnaður af Landsfundi er sá sjóður sem umsóknir um ferðastyrk er greiddur úr. Þóknun til stjórnar og ritstjórnar er hins vegar greidd af félagssgjöldum.

Ferðasjóður Upplýsingar

Fullgildir félagar Upplýsingar til þriggja ára geta sótt í sjóðinn styrk upp á 30.000 kr. fyrir náms og kynnisferðir erlendis. Að þessu sinni bárust 8 umsóknir og uppfylltu allar umsóknir skilyrði fyrir styrkveitingu og verður því átta styrkjum úthlutað að fenginni skýrslu um ferð.

Eftirfarandi hlutu styrk árið 2026:

- Lísa Z. Valdimarsdóttir
- Íris Dögg Sverrisdóttir
- Brynhildur Jónsdóttir
- Gréta Björg Ólafsdóttir
- Hulda Karen Sverrisdóttir
- Jóhanna Vélaug Gísladóttir
- Halldóra Ingimarsdóttir
- Eydís Stefanía Kristjánsdóttir

Afsláttarkjör fyrir félagsmenn

Afsláttarkjör fyrir félagsmenn 2024-2025

- Eymundsson, 20% afsláttur af bókum og tímaritum eingöngu
- Iða Zimsen, 20% afsláttur
- A4, 10% afsláttur
- Morgunkorn, fræðslufundur Upplýsingar, frítt fyrir félagsmenn. Kaffveitingar í boði.
- Landsfundur, ráðstefna, 20% afsláttur af skráningargjaldi
- Málþing, ráðstefna, 20% afsláttur af skráningargjaldi
- Jólagleði, frítt fyrir félagsmenn
- Vorgleði, frítt fyrir félagsmenn

Reynt er að láta gjöld ganga upp á móti tekjum þannig að félagsmenn fái til baka það sem þeir setja í félagið með því að sækja þá viðburði sem félagið býður frítt fyrir þá..

Útgáfumál og upplýsingamiðlar

Fregnir

Fréttabréfið Fregnir er sendur reglulega á netföng félagsmanna, komið hafa út tólf tölublöð á starfsárinu með upplýsingum um hvað helst er á döfinni hjá bókasöfnum, tilkynningar um Morgunkorn verið send út, fréttir af innlendum og erlendum vettvangi og ýmislegt reynt til að vekja áhuga félagsmanna á starfsemi félagsins.

Eldri tölublöð er að finna hér: [FREGNIR](#)

Enn eldri tölublöð Fregna er að finna á vefnum <http://upplýsing.wordpress.com/>

Vef- og samfélagsmiðlar Upplýsingar

Miðlun upplýsinga til félagsmanna

Upplýsing.is – www.upplysing.is

Heimasíða félagsins gefur greinagóða yfirsýn um starfsemi félagsins, fræðslumál, styrki til félagsmanna og upplýsingar um viðburði, liðna sem og það sem helst er að fréttu af innlendum og erlendum vettvangi.

Helstu tilkynningar félagsins eru birtar á Facebook síðu Upplýsingar og í Fregni sem er sendur í tölvupósti til félagsmanna. Afar mikilvægt er að félagsmenn láti félagið vita af netfangabreytingum.

Fésbókarsíða Upplýsingar er upplýsingasíða um starfsemi félagsins og málefni sem tengjast félaginu. Þar eru helst settar inn tilkynningar um viðburði, myndir úr starfi félagsins og einnig er áhugaverðum fréttum og viðburðum tengdra félaga er deilt á síðuna. Síðan hefur yfir 500 fylgjendur.

Ut anumhald miðla Upplýsingar

Vef- og miðlastjóri Upplýsingar er vefstjóri í nánu samstarfi við formann. Meðal verkefna vefstjóra eru uppfærsla vefsins með tilliti til viðburða svo sem morgunkorna, ráðstefna, málfunda, og annarra uppákoma á vegum félagsins. Vefstjóri sér einnig um að taka upp, klippa og vinna myndbönd af ráðstefnum, málþingum, morgunkornum og öðrum viðburðum tengdum Upplýsingu og varðveita og deila. Vefstjóri hefur einnig séð um viðburði sem haldnir hafa verið sem fjarfundir árið 2025-2026. Eftir að vefstjóri varð einnig meðstjórnandi tók hann við verkefninu að miðla upplýsingum með Fregni.

Fræðslumál

Bókasafnið

Árgangur 45. af Bókasafninu kom út í september 2025. Blaðið innihélt alls 14 greinar.

Morgunkorn 2025- 2026

Morgunkorn voru á sínum stað á síðasta starfsári, yfirleitt er upptaka fyrir þá sem ekki komast.

Morgunkornið er ávallt haldið í tilefni alþjóðlega Bókasafnsdagsins 6. september. Þann 8. September 2025 var haldið upp á daginn í Bókasafni Kópavogs og Eva Rún Þorgeirsdóttir hélt erindi tengt þema dagsins. Boðið var upp á morgunkaffi fyrir þá sem mættu.

Í október var ekki Morgunkorn, vegna Landsfundar á Selfossi. Ekki varð heldur af fyrirhuguðu Morgunkorni í Nóvember af óviðráðanlegum orsökum.

Fyrsta Morgunkorn ársins var haldið 22. janúar 2026. Þar kynnti Hrönn Soffíu Björgvinssdóttir frá Amtsbókasafninu á Akureyri bókaklúbb fyrir unglunga, en þau fengu Hvatningarverðlaun Upplýsingar 2025 fyrir það.

Morgunkorn var síðan haldið 19. febrúar, þar fjallaði Harpa Grétarsdóttir um verkefnið “Haltu mér - slepptu mér” sem er erindaröð í Bókasafni Kópavogs fyrir foreldra ungmenna um áskoranir tengdar því að ala upp ungmenni í nútímasamfélagi.

Síðasta Morgunkorn sl. starfsárs var svo 26. mars en þar sagði Unnur Helga Möller frá Bókasafni Hafnarfjarðar frá verkefninu “Heimar og himingeimar” sem er samkoma búningaáhugafólks og fólks í búningaíþróttamennsku til að kynna og upphefja jákvæða og þroskandi leikhegðun fyrir fólk á öllum aldri. Verkefnið fékk styrk frá Barnamenningarsjóði árið 2025.

Aðrir viðburðir

Jólagleði félagsins var haldin í Eddu, húsi íslenskunnar 24. nóvember 2025, þar var boðið upp á skemmtiatriði og léttar veitingar að venju. Trúbadorinn Orri Sveinn úr Borgarnesi hélt uppi stuðinu og Guðný Ragnarsdóttir sagði okkur frá bókasafni Árnastofnunar og flutningum stofnunarinnar í nýja húsið.

Skýrslur hópa og nefnda 2025-2026

Mönnun nefnda sem tengjast starfi félagsins eru að mestu leyti í höndum stjórnar félagsins. Stjórn hefur það viðmið við mönnun að reyna að finna áhugasama aðila frá öllum safnategundum til starfa. Kröfur ráðuneytis um tilnefningar bæði karls og konu í nefndir og ráð hefur valdið því að tímafrekt er að finna aðila af réttu kyni (KK) í þessu kvenmarga félagi.

Allir félagsmenn eru velkomnir í starfshópa Upplýsingar, æskilegt er að þeir sem eru fastir eins og undirbúningshópur Bókasafnsdagsins, Framtíðarhópurinn og Landsfundarnefnd séu sjálfbærir eftir fremsta megni, en stjórn Upplýsingar styður þeirra vinnu eins og hægt er.

Hér á eftir fara skýrslur þeirra föstu nefnda og starfshópa sem störfuðu fyrir félagið á síðasta starfsári.

Fastanefndir

[Undirbúningshópur Bókasafnsdagsins](#) hefur unnið að framgangi þess dags og borið allan þunga af undirbúningi hans. Bókasafnsdagurinn 2025 var haldin hátíðlegur 8. september í tilefni af alþjóðlegum degi læsis sem er 8. september.

Þema dagsins árið 2025 var **“Lestur er bestur, fyrir sálina”**.

Dagurinn er auglýstur í útvarpi RÚV á samlesnum rásum og um allt land taka bókasöfn þátt í þematengdum verkefnum.

Þessar sátu í undirbúningsnefnd 2025: Edda Hrund Svanhildardóttir og Andrea Ævarsdóttir, auk formanns Upplýsingar. Eru þeim færðar kærar þakkir fyrir.

[Landsfundarnefnd](#) heldur utan um landsfund Upplýsingar annað hvert ár og ræðst það af staðsetningu hans hverju sinni. Síðasti landsfundur var á Selfossi dagana 16.-17. október 2025. Landsfundarnefnd skipuðu þær Heiðrún Dóra Eyvindardóttir, Árný Leifsdóttir, Elísa Elíasdóttir og Edda Hrund Svanhildardóttir. Mæting var mjög góð, staðsetning og dagskrá einnig.

Skýrsla notendahóps Gegnis 2025-2026

Hlutverk notendahópsins Gegnis er að:

- Koma með tillögur um fræðslu fyrir notendur og að skipuleggja almennar notendaráðstefnur í samvinnu við Landskerfi bókasafna hf.
- Vera tengiliður milli notenda og Landskerfis bókasafna í þeim tilgangi að samhæfa óskir og kröfur um endurbætur og forgangsraða þeim

Hópin skipa fjórir fulltrúar frá mismunandi safnategundum, háskóla- og sérfræðisöfnum, almenningsöfnum, framhaldsskólasöfnum og grunnskólasöfnum. Stjórnendur innan þessara safnategunda velja fulltrúa í hópinn.

Á síðasta starfsári var notendahópurinn skipaður þannig:

- Telma Rós Sigfúsdóttir fyrir háskóla- og sérfræðisöfn
- Brynhildur Jónsdóttir fyrir almenningsbókasöfn

- Anna Lilja Torfadóttir fyrir framhaldsskólasöfn
- Rósa Björg Jónsdóttir fyrir grunnskólasöfn

Allar gefa kost á sér áfram.

Engin erindi bárust til hópsins á árinu frá notendum kerfisins. Fjórir formlegir fundir voru haldnir innan hópsins þar sem dagskrá Vorráðstefnu notendahóps Gagnis 2026 var skipulögð.

Fyrir hönd notendahóps Gagnis, Telma Rós Sigfúsdóttir.

Skýrsla ritnefndar 2025-2026

Í ritnefnd Bókasafnsins 2025-2026 sitja Hallfríður Kristjánsdóttir, Landsbókasafni Íslands – Háskólabókasafni, María Bjarkadóttir, Borgarbókasafni og Tinna Lind Guðjónsdóttir, Landsbókasafni Íslands – Háskólabókasafni.

Í september 2025 kom út annar árgangur/tölublað tímaritsins, sem eingöngu er gefinn út rafrænt á vefslóðinni Bokasafnid.is. Þar sem um er að ræða rafrænt framhald af prentútgáfu blaðsins, var raðmerking þess árg. 45. Blaðið innihélt alls 14 greinar.

Haustið 2026 mun 46. árgangur tímaritsins líta dagsins ljós. Fyrsti fundur ritnefndar við undirbúning útgáfunnar 2026 var haldinn í febrúar 2026. Enn stendur yfir vinna við að taka við greinum, prófarkarlesa, eiga samskipti við höfunda, skipuleggja og raða í tölublaðið o.s.frv. Ritstjórnarstefna, leiðbeiningar til höfunda og ýmsar upplýsingar á vefsíðu tímaritsins voru endurskoðaðar og uppfærðar í lok árs 2024, meðal annars til að bjóða upp á birtingu lengri greina og greina á ensku. Greinakall var sent út á póstlista og samfélagsmiðlahópa upplýsingafræðinga, og var að auki birt í Fregnum og á vef Upplýsingar í upphafi árs 2026 og skilafresti greina lauk 1. maí 2026.

Ritnefnd skiptir með sér verkum við yfirlestur, frágang skjala og samskipti við höfunda. Ritvinnsluskjöl, myndir, önnur fylgiskjöl og upplýsingar um höfunda eru vistaðar í OJS-kerfinu sem einnig er notað er til að vinna blaðið og birta það.

Fyrir hönd ritnefndar, Hallfríður H. Kristjánsdóttir

Skýrsla fulltrúa í Bókasafnaráði 2025-2026

Skipun núverandi Bókasafnaráðs fór fram í byrjun árs 2026, en skipunartímabilið er frá 1. október 2025 - 30. september. Nokkrir nýir fulltrúar komu inn í ráðið og hefur ráðið fundað mánaðarlega frá skipun.

Hlutverk ráðsins er m.a. að vinna að stefnumörkun bókasafna, setja úthlutunarreglur vegna Bókasafnasjóðs og veita umsagnir vegna umsókna í sjóðinn.

Þar sem töf var á skipun ráðsins gafst ekki tími til að fara yfir auglýsingu í Bókasafnasjóð né fara yfir verkferla í úthlutun, forgangsröðun og matskvarða. Auglýsing fór út í febrúar. Ráðið skipti með sér verkum varðandi yfirferð umsókna á öðrum fundi sínum.

Líkt og fyrra Bókasafnaráð, ræddi ráðið öflun tölfræðiupplýsinga um bókasöfn og starfsemi þeirra og fagnar ráðið því að tekist hafa samningar milli Landskerfis bókasafna og Hagstofu Íslands um gagnaskil opinberrar hagskýrslugerðar um bókasafnatölfræði.

Ráðið fundaði á tímabilinu með Hallgrími J. Ámundasyni tengiliði ráðsins við menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðuneytið þar sem rætt var um bókmenntastefnu og regluverkið í kringum bókasöfn. Hvatti hann ráðið til gagnrýni á núgildandi lögum og stefnu bókasafna. Verkefni ráðsins á skipunartímanum verður að rýna stefnur bókasafna og vinna drög að bókasafnastefnu fyrir ráðuneytið.

Þetta vor var úthlutað úr Bókasafnasjóði í sjötta skiptið. Heildarupphæð úthlutunar voru 19 milljónir kr. og bærust alls 23 umsóknir í sjóðinn. Að þessu sinni hlutu 11 umsækjendur styrki. Óskar ráðið þeim öllum til hamingju. Nöfn styrkþega og verkefna má finna á vefsíðu Rannís.

Lísa Z. Valdimarsdóttir, formaður Bókasafnaráðs

Annað innlent samstarf 2025 - 2026

Fjölmiðlanefnd TUMI

Formaður Upplýsingar situr í fulltrúaráði Fjölmiðlanefndar þar sem fjallað er um upplýsinga- og miðlalæsi og hefur hún sótt flesta fundi nefndarinnar á árinu. Það er afar fróðlegt að fylgjast með þeirri umræðu sem á sér stað á fundum Fjölmiðlanefndar og öllu því starfi sem stuðlar að auknu læsi hvarvetna í þjóðfélaginu.

IRMA

Stjórn Upplýsingar hefur lítið verið í samskiptum við stjórn IRMA, félag skjalastjóra hjá hinu opinbera á starfsárinu eftir að hafa reifað við þau hugmyndir að mögulegu samstarfi um sí- og endurmenntun.

Ráð og nefndir sem Mennta- og vísindaráðuneytið kallar eftir tilnefningum í

Bókasafnaráð

Mennta- og vísindaráðuneytið óskaði eftir tilnefningu Upplýsingar í Bókasafnaráð fyrir árin 2025-2029. Fulltrúar Upplýsingar eru Líska Z. Valdimarsdóttir frá Bókasafni Kópavogs og Kristjana Mjöll Jónsdóttir Hjörvar frá Lbs-Hbs og til vara eru Margrét Sigurgeirsdóttir og Guðmann Kristþórsson. Það var okkur sönn ánægja að fá tilkynningu um að Líska var gerð að formanni Bókasafnsráðs.

Samráðshópur um málefni Hljóðbókasafns Íslands

Mennta- og vísindaráðuneytið óskaði eftir tilnefningu Upplýsingar í samráðshóp um málefni Hljóðbókasafns Íslands. Stjórn tilnefndi Andreu Dan Árnadóttur og Kristínu Lilju Thorlacius Björnsdóttur, til vara. Báðar starfa þær á Landsbókasafni Íslands – Háskólabókasafni og báðust undan setu í nefndinni vegna deilna um sameiningar safnanna. Líska Z. Valdimarsdóttir bauðst til að sitja tímabundið þar en það vantar annan fulltrúa þangað inn.

Stjórn Landsbókasafns Íslands - Háskólabókasafns

Mennta- og vísindaráðuneytið óskaði eftir tilnefningu Upplýsingar í stjórn Landsbókasafns Íslands - Háskólabókasafns 2023-2025. Stjórn tilnefndi Ingibjörgu Rögnvaldsdóttur á bókasafni Tækniskóla Íslands og Halldór Marteinson á bókasafni Landspítala. Ekki hefur borist ósk um nýja tilnefningu á árinu.

Íslensk málnefnd

Fulltrúi Upplýsingar þar 2024-2027 er Þórður Sævar Jónsson og Anna Kristín Hannesdóttir til vara.

Höfundarréttarráð

Mennta- og menningarmálaráðuneytið (eins og það hét þá) óskaði eftir tilnefningu Upplýsingar í Höfundarréttarráð árið 2021 og var Örn Hrafnkelsson, Landsbókasafni Íslands – Háskólabókasafni skipaður í ráðið.

Ekki hefur verið kallað eftir tilnefningum í stað þeirrar sem rann út 2025.

Norrænt og alþjóðlegt samstarf

Alþjóðleg og norræn samskipti eru mismikil. Reynt hefur verið að halda uppi samstarfi við norrænu bókasafnafélögin og IFLA enda má til sanns vegar færa að þessi samskipti séu félaginu mikill fengur.

Norrænu systurfélögin

- Svensk biblioteksforening
- Danmarks Biblioteksforening
- Finnish Library Association

- Finnish Research Libraries Association
- Norsk biblioteksforening
- Finlands Svenska biblioteksforening
- Upplýsing

Fulltrúar norrænu bókavarðafélaganna hittast að jafnaði tvisvar á ári. Fundað er á meðan IFLA-þingi stendur og svo skiptast félögin á að bjóða til funda í sínu landi. Norrænu bókavarðafélögin héldu fund í byrjun maí 2026. Fundarstaður var skrifstofa Danska bókavarðafélagsins í Kaupmannahöfn. Formaður sá sér ekki fært að mæta.

IFLA aðalfundur og WLIC 2024

IFLA WLIC 2025 var haldin í Astana, höfuðborg Kasakstan í ágúst 2025. Formaður og gjaldkeri Upplýsingar voru á fundinum, auk þó nokkurra frá Borgarbókasafni Reykjavíkur. Leslie Weir frá Kanada er forseti samtakanna árin 2025-2027 (<https://www.ifla.org/president/>) en arftaki hennar hefur verið kosin “President elect” er kona af frumbyggjaættum Nýja Sjálands, Te Paea Paringatai, <https://www.ifla.org/news/message-from-ms-te-paea-paringatai-ifla-president-elect-2025-2027/>.

ALMA - Astrid Lindgren Memorial Award

Upplýsing á fulltrúa í nefnd um úthlutun styrkjar á vegum ALMA - Astrid Lindgren Memorial Award, sem er alþjóðlegur styrkur veittur fyrir barna- og unglingsbókmenntir. Íslensku nefndina skipa auk fulltrúa Upplýsingar (Guðrún Elísa Ragnarsdóttir, Borgarbókasafni), fulltrúi IBBY á Íslandi, fulltrúi Félags íslenskra teiknara (FÍT) og fulltrúi Rithöfundasambands Íslands. Árið 2026 voru þær Arndís Þórarinsdóttir og Rán Flygenring tilnefndar af Íslands hálfu til ALMA verðlaunanna.

Verðlaunin 2026 voru veitt núna í lok apríl, kanadískum barnabóka- og myndhöfundi, Jon Klassen, sem hefur fjallað siðferði og tengd málefni í verkum sínum. Eftirlæti hans eru hattar og hefur hann skrifað trílógíu um hatta, sú fyrsta hét “Ég vil fá hattinn minn aftur” (e. I want my hat back) og fjallar um björn sem hefur týnt hattinum sínum. Nánar: <https://alma.se/en/laureates/jon-klassen>

Blái skjöldurinn

Upplýsing, sem aðili að IFLA, á fulltrúa í landsnefnd Bláa skjaldarins og í fræðsluhóp Bláa skjaldarins. Fulltrúar Upplýsingar 2025-2026 eru Guðný Kristín Bjarnadóttir á bókasafni Reykjanesbæjar og Halldóra Kristinsdóttir á Lbs-Hbs til vara.

IBBY á Íslandi

Árlega stendur IBBY á Íslandi staðið fyrir barna- og unglingsbókaráðstefna í Menningarhúsinu í Gerðubergi. Hún var á vordögum í ár undir yfirskriftinni “Hryllingsflóðið” og sjónum var “beint að hryllingsbókmenntum fyrir börn og unglinga. Frá örófi alda höfum við skemmt okkur og börnunum með hryllingssögum. Í seinni tíð, með innkomu hrekkjavöku í

Íslenskt menningarlíf, hefur áhuginn fyrir ýmiskonar hryllingi náð nýjum hæðum hjá börnum og unglíngum og að hausti skellur á okkur hryllingsflóðið í útgáfu barna- og unglíngabókmennta”.¹

IBBY á Íslandi er hluti af alþjóðlegum samtökum um barnabókmenntir og barnamenningu og gefur enn út tímaritið Börn og menning. Upplýsing hefur átt fulltrúa í undirbúningsnefnd ráðstefnunnar. IBBY á Íslandi eru frjáls félagasamtök áhugamanna um barnabókmenntir og barnamenningu á Íslandi. Áhugasömum er bent á heimasíðu félagsins, ibby.is.

¹ <https://ibby.is/2026/03/02/radstefna-um-barna-og-unglingabokmenntir-hryllingsflodid/>